



Viljið þið ...

- Fá heildstæða yfirsýn yfir skólamálin í ykkar sveitarfélagi og upplýsingar um viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks ásamt upplýsingum um rekstrarlega þætti starfsins?
- Geta borið saman lykiltölur um skólahald milli skóla innan sveitarfélagsins eða við skóla úr öðrum sveitarfélögum?
- Hafa auðvelt aðgengi að samanburði á lykiltölum skóla í sveitarfélaginu aftur í tímann?
- Geta borið saman rekstrarkostnað á hvern nemanda í sveitarfélaginu við önnur sveitarfélög þar sem þættir eins og innri húsaleiga og skólaakstur eru einangraðir frá kostnaðinum?
- Geta borið saman fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara eða annars starfsfólks í sveitarfélaginu við önnur sveitarfélög?
- Geta keyrt saman niðurstöður um kostnað við rekstur skólans og t.d. árangur nemenda eða líðan þeirra?
- Geta nálgast þessar upplýsingar á auðveldan hátt og geta fengið þær á mjög notendavænu formi?

Ef þið svarið einhverjum af ofantöldum spurningum jákvætt þá er Skólavogin hagnýtt tæki fyrir þig og þitt sveitarfélag.

Skólavogin er tilraunaverkefni sem unnið hefur verið að á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við valin sveitarfélög frá árinu 2007. Skólavogin skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra og starfsfólks í grunnskólum, frammistöðu nemenda á samræmdum prófum ásamt framfarastuðli og ýmsum rekstrarupplýsingum. Með þeirri skilgreiningu og sundurlíðun rekstrarliða sem notaðar eru í Skólavoginni er hægt að skoða ýmsa rekstrarliði grunnskólans samræmt á milli sveitarfélaga. Helsti dragbítur á verkefninu er skortur á öflugum tækni til að safna, vinna úr og miðla upplýsingum á notendavænan hátt.

Skólavogin byggist á norski aðferðafræði. Norðmenn hafa þróað þetta kerfi í tæpan áratug og þegar náð miklum árangri og velflest norsk sveitarfélög nýta sér það. Þeir hafa þróað mjög öfluga tækni til að safna upplýsingum, geyma þær og vinna úr þeim. Að endingu eru niðurstöður birtar á heimasíðu þar sem þær eru settar fram á notendavænan og skýran hátt.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samband Íslenskra sveitarfélaga: Skólavogin
Febrúar 2011

Útgefandi: Samband Íslenskra sveitarfélaga – hag- og upplýsingasvið
Borgartúni 30, Pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900, Myndsími: 515 4903
Netfang: samband@samband.is
Veffang: samband.is

Textavinna: Valgerður Ágústsdóttir
Umbrot og myndir: Ingibjörg Hinriksdóttir

© Samband Íslenskra sveitarfélaga 2011/1

Norðmenn hafa lýst sig reiðbúna til samstarfs við íslensk sveitarfélög um aðgang að þeirra kerfi.

Forsenda þess að hægt sé að koma á samstarfi við Norðmenn er að nægileg þátttaka fái hjá íslenskum sveitarfélögum.

Verði nægur áhugi fyrir hendi mun sambandið standa að frekari kynningu á árinu 2011. Sveitarfélög þurfa að láta vita fyrir 15. mars 2011 ef þau hafa áhuga á ítarlegri kynningu á eiginleikum og gagnsemi Skólavogarinnar í samstarfi við Norðmenn.

Áhugasamir hafi samband við Valgerði Ágústsdóttur, sérfræðing á hag- og upplýsingasviði valgerdur@samband.is.

Skólavogin



Rekstur grunnskólans er lögbundið verkefni sveitarfélaga og sá málaflokkur sem tekur til sín mest af skatttekjum þeirra. Árið 2009 vorðu sveitarfélögin 56 milljörðum til reksturs grunnskóla eða um 36% af skatttekjum þeirra. Hér er um mikla fjármuni að ræða og mikilvægt að vel takist til með ráðstöfun þeirra. Sveitarfélögin bera ábyrgð á skólagöngu barna í 10 ár um leið og þeim ber skylda til þess að nýta almannafé á sem hagkvæmasta hátt. Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum skylt að sinna mati og eftirliti með gæðum skólstarfs.



Skólavogin er tilraunaverkefni sem unnið hefur verið að á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við valin sveitarfélög frá árinu 2007. Árið 2010 tóku þátt í verkefninu 16 sveitarfélög með 35 skóla.

Skólavogin samanstendur af eftirfarandi verkþáttum:

- *Viðhorfakannanir. Árlega eru könnuð viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks til valinna þátta í skólastarfinu*
- *Rekstrarlegir þættir. Safnað er saman ýmsum tölulegum og rekstrarlegum upplýsingum hjá skólastjórum og skrifstofu sveitarfélags sem tengjast skólastarfinu, svo sem um menntun kennara, fjarvistir nemenda og starfsfólks, rekstrarkostnaðarliði og fleira.*
- *Námsárangur. Samanburður er gerður á árangri nemenda í 4., 7. og 10. bekk í íslensku og stærðfræði í samræmdum prófum ásamt framfarastuðli.*

Skólavogin skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra og starfsfólks í grunnskólum, frammistöðu nemenda á samræmdum prófum ásamt framfarastuðli og ýmsum rekstrarupplýsingum. Með þeirri skilgreiningu og sundurliðun rekstrarliða sem notaðar eru í Skólavoginni er hægt að skoða ýmsa rekstrarliði grunnskólans samræmt á milli sveitarfélaga.

Ávinningur sveitarfélaga af þátttöku í Skólavoginni er margþættur:

- *Betri yfirsýn yfir rekstur og nýtingu fjármagns*
- *Aukin innsýn í „skólabraginn“*
- *Samanburður á eigin frammistöðu aftur í tíma*
- *Samanburður við önnur sveitarfélög þar sem hægt er að greina þá sem standa sig best og læra af þeim*
- *Nýttist skólum við innra mat skóla*
- *Nýttist sveitarfélögunum til að koma til móts við lögbundnar kröfur um mat og eftirlit með skólum*

- *Mikilvægur stuðningur við úthlutun fjármagns til skóla og mat á nýtingu úthlutaðs fjármagns með markvissum samanburði við önnur sveitarfélög/aðra grunnskóla*

Fljótsdalshérað hefur verið þátttakandi í tilraunaverkefninu Skólavoginni undanfarin ár. Skólavogin hefur bæði verið að verða markviss liður í innra mati skólanna auk þess að vera mikilvægur þáttur í kostnaðarmati og fjárhagsáætlunargerð vegna grunnskólanna. Sérstaða Skólavogarinnar er að hún veitir aðgang að skilgreindum sambærilegum kostnaðarþáttum sem spegla má í upplýsingum um innra starf skólanna. Við höfum því auk þess að geta fylgst með eigin þróun getað borið hana saman við samanburðarhæfa þróun í öðrum sveitarfélögum.

Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Fljótsdalshérað.

Nýjar eftirlitsskyldur sveitarfélaga og Skólavogin

- *Samkvæmt nýjum grunnskólalögum frá 2008 ber sveitarfélögum að sinna eftirliti með gæðum skólastarfs. Skólavogin er gagnlegt tæki til að sinna þeim skyldum.*
- *Niðurstöður viðhorfakannana í Skólavoginni geta nýst skólum í innra mat skóla.*
- *Skólavogin veitir sveitarfélaginu mikið magn af upplýsingum um skólahald, svo sem um viðhorf nemenda, starfsfólks og foreldra, upplýsingar um rekstrarlega þætti sem og árangur í samræmdum prófum. Þessar upplýsingar nýtast vel við eftirlit með stofnunum og eins við gerð fjárhagsáætlana. Sveitarfélagið fær á þennan hátt heildstætt mat á hve vel það fjármagn nýtist sem varið er til reksturs skólans.*
- *Nýjum skyldum um mat og eftirlit þarf að sinna, hvort sem Skólavogin verður nýtt til þess eða annað tæki.*
- *Stærsti kosturinn við Skólavogina, umfram önnur tæki, er að samhliða því að sveitarfélagið sinni eftirlitsskyldu sinni þá fær það að auki möguleika á samanburði við eigin niðurstöður og annarra með markvissum hætti.*

Möguleiki á samstarfi við Norðmenn

Skólavogin byggist á aðferðafræði sem Kommuneforlaget (undirstofnun norsku sveitarfélagasamtakanna) hefur þróað í tæpan áratug. Norðmenn hafa þegar náð miklum árangri og velflest norsk sveitarfélög nýta sér kerfið. Þeir hafa þróað mjög öfluga tækni til að safna upplýsingum, geyma þær og vinna úr þeim. Að endingu eru niðurstöður birtar á heimasíðu þar sem þær eru settar fram á notendavænan og skýran hátt.

Í þessu öfluga kerfi Norðmanna er einfalt að bæta við hliðstæðri kortlagningu og upplýsingaöflun um fleiri málaflokka án þess að kosta miklu til. Norðmenn nýta það t.d. til að afla upplýsinga um leikskóla, félagsþjónustu og skipulagsmál, svo eitthvað sé nefnt.

Vert er að benda á að norska ríkið yfirtók þann hluta er snýr að grunnskólum í Noregi fyrir þremur árum. Nú er öllum grunnskólum þar skylt að taka þátt í verkefninu.

Hvað kostar að taka þátt í Skólavoginni með tækjum Norðmanna?


Endanlegur kostnaður fyrir hvert sveitarfélag liggur ekki fyrir. Þó er vitað að stofnkostnaður vegna þessa liggur á bilinu 8-10 milljónir íslenskra króna. Auk þess munu þátttökusveitarfélög greiða árlegt rekstrargjald. Gjaldskrá er ekki fullmótuð en í grófum dráttum mun hún taka mið af stærð sveitarfélaga. Þá hefur fjöldi

Kommuneforlaget hefur boðið íslenskum sveitarfélögum að fá aðgang að norska kerfinu þannig að íslensk sveitarfélög ættu sitt svæði. Allt viðmót og allur texti yrði þýddur yfir á íslensku. Stofnkostnaður liggur á bilinu 8-10 milljónir og að auki kemur árlegur rekstrarkostnaður sem þau sveitarfélög greiða er taka þátt í verkefninu. Rekstrarkostnaður á ári nemur um 0,05% af heildarrekstrarkostnaði vegna grunnskólans árið 2009 á landsvísu. Lagt er upp með gjaldskrá sem tekur mið af stærð sveitarfélaga.

Skólavogin, í samstarfi við Norðmenn, veitir mikið magn af upplýsingum á notendavænu formi, sem gagnast sveitarfélögum við eftirlitsskyldur sínar og veitir aðhald við rekstur þessa umfangsmikla málaflökks, gegn hóflegu gjaldi.

sveitarfélaga sem tekur þátt í verkefninu áhrif á gjaldskrána. Hér fyrir neðan er hugmynd að því hvernig gjaldskráin gæti litið út miðað við að 45 sveitarfélög eða 60% þeirra taki þátt. Taki fleiri sveitarfélög þátt í verkefninu þá skilar það sér í hagstæðari samningum og lægra þátttökugjaldi fyrir hvert og eitt þeirra.

Sýnishorn af framsetningu á niðurstöðum í norska kerfinu




Fleiri niðurstöður vegna leikskóla í Storevik. Neðar á sömu síðu eru rekstrarniðurstöður leikskóla. Niðurstöðurnar birtast fyrir öll árin sem sveitarfélagið hefur tekið þátt.

Fyrsta súluritið sýnir hver rekstrarkostnaður (nettó) vegna leikskóla er á hvern íbúa sveitarfélagsins. Kostnaður er gefinn upp í þús. kr. norskum (ein NOK = 21,0 ÍKR) Landsmeðaltalið birtist sem ör og lína. Árin 2005 og 2006 er kostnaður vegna leikskóla í Storevik talsvert undir landsmeðaltali, árið 2007 er kostnaður rétt undir landsmeðaltali og árið 2008 er kostnaður alveg á pari við landsmeðaltal.

Annað súluritið sýnir brúttókostnað á hvern viðverutíma í leikskólum sveitarfélagsins. Sá kostnaður er undir landsmeðaltali 2005 en árið 2008 er kostnaður sveitarfélagsins vegna þessa stiginn upp fyrir landsmeðaltal.

Súlurit 3 sýnir hlutfall barna á aldrinum 1-5 ára með leikskólapláss.



Súlurit 4 sýnir hlutfall starfsmanna með leikskóla-kennaramenntun.

Súlurit 5 sýnir fjölda barna (leiðrétt vegna aldurs) á hvert ársverk.

Stærð sveitarfélags	10.000-99.000	5.000-9.999	2.000-4.999	1.000-1.999	500-999	> 500
Árlegt þátttökugjald	2.400.000	1.200.000	640.000	480.000	320.000	208.000
Fjöldi sveitarfélaga	3	2	8	7	10	9
Samtals	7.200.000	2.400.000	5.120.000	3.360.000	3.200.000	1.872.000